

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

376. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 09.06.2017, kl.12:00.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Bjarni Torfi Álfþórsson boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Staða í undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað um stöðu í undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar. Undirbúningur hefur tekið lengri tíma en áætlað var og er verkið á eftir áætlun. Gert er ráð fyrir að útboð vegna hönnunar og byggingar fari fram seinnipart sumars og hafist verði handa við byggingu í febrúar á næsta ári. Málið rætt.

2. Gjaldskrá vegna fituríkst úrgangs í Álfnesi

Yfirverkfræðingur og framkvæmdastjóri kynna tillögu að breytingu á texta fyrir sláturúrgang sem samþykkt var á fundi stjórnar þann 5. maí sl. en mistök urðu við innslátt. Tillaga að texta er sem hér segir:

„Í flokkinn fer sláturúrgangur og dýraleifar í 3. áhættuflokki skv. reglugerð nr. 395/2012. Hér er átt við allan sláturúrgang af heilbrigðum dýrum og aðrar dýraleifar frá kjötvinnslum, mótuneytum, eldhúsum o.fl. Dúnn og fiður mega ekki fara í þennan flokk né heldur bein, beinagarðar eða stykki stærri en 60 mm. Úrgangur skal afhentur í lausu. Farmar skulu innihalda að lágmarki 20% fitu og mega ekki innihalda neina aðskotahluti.“

Stjórn samþykkir tillöguna og tekur hún strax gildi.

3. Plássþörf í Gufunesi vegna aukins magns og umfangs

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað vegna magnaukningar og umsvifa í móttökustöð í Gufunesi. Magnaukning er veruleg í nokkrum úrgangsflokkum undanfarin ár auk þess sem fjöldi flokka hefur aukist og vinnslan orðið flóknari og fyrirséð að kröfur um endurvinnslu munu aukast í framtíðinni. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu við þarfagreiningu og forhönnun stækkunar móttökustöðvar.

4. Sölufyrirkomulag á metani

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað vegna sölufyrirkomulags á metani. Málið rætt. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að efna til lokaðs útboðs meðal söluaðila á metani.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including names like "K. H. A. S.", "B. H.", and "B. H. J.", along with the date "2017.06.09".

5. Fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi

Lögð fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi frá 11. maí sl. Jafnframt kynnt áætlað verklag við endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag verði með sama hætti og áður þ.e.a.s. að kostnaði verði skipt eftir íbúatölu hvers sorpsamlags fyrir sig. SORPU bs., er skv. stofnsamningi falin gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt. Stjórn samþykkir það fyrirkomulag sem lagt er til og tekur þátt í gerð svæðisáætlunarinnar á sömu forsendum og áður.

6. Framleiðsla á dísel úr plasti.

Framkvæmdastjóri greinir frá kynnisferð þar sem heimsóttir voru tveir staðir þar sem unnið er úr úrgangsplasti. Annars vegar er um að ræða vinnslu á díselolíu úr blöndu úrgangsplasts og hins vegar gerð undirstaða fyrir járnbrautarteina. Jafnframt lögð fram viljayfirlýsing frá fyrirtækinu Artic Infrastructure, LLC um leigu á húsnæði og aðstöðu sem áður hýsti Efnamóttökuna hf. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

7. Tímaáætlun vegna rekstraráætlunar 2018.

Kynnt bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna tímaáætlunar við vinnu vegna rekstraráætlunar 2018.

8. Bókun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur.

Lögð fram bókun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 24. maí 2017 vegna ákörðunar stjórnar SORPU um að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að móttöku plasts frá sveitarfélögum sem safna plasti með þeirri aðferð sem undanfarið hefur verið prófuð á Seltjarnarnesi. Málið rætt.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. ágúst kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 14:50

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Stalldór Andvar Gunnsson
Guðrún E.
Guðrún E.
Guðrún E.
Guðrún E.

Kolbrún G. Þorsteinsd.

Guðrún EVA JOHANNESD.

Rianni H. J.